

**Nefndasvið Alþingis**  
**Viðskiptanefnd**  
**b/t Selmu Hafliðadóttur**  
**nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 26. júní 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (85. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í endurskoðun á ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki um sparisjóði.*

Viðskiptaráð hefur áður látið sig varða málefni sparisjóðanna og bent á talsverð vandkvæði á núverandi starfsumhverfi þeirra. Lagaumhverfi sparisjóðanna hefur breyst með tíð og tíma og það sama er, eða öllu heldur var, að segja um þátttöku þeirra á fjármálamörkuðum. Það er mat ráðsins að mörg skref hafi verið tekin í rétta átt, en að núverandi fyrirkomulag væri vart til þess fallið að stuðla að frekari framþróun þeirra. Í skoðun ráðsins frá 9. ágúst 2007 voru helstu vandkvæði þessi reifuð, en þau eru:

- Erfitt er fyrir sparisjóði að auka við eigin fé umfram uppsafnaðan hagnað vegna reglna um útgáfu stofnfjár, sem einungis má gefa út á nafnverði að viðbættri ónýttri heimild til endurmats.
- Reglur um arðgreiðslur af stofnfjárbréfum leiða til þess að argreiðslustefna miðast undantekningalítið við hámarksútgreiðslu.
- Lagaumhverfið leiðir til umtalsverðs ógagnsæis og óhagræðis, en þar má einkum nefna bann við framsal stofnfjár án leyfis stjórnar viðkomandi sjóðs, innherjareglur eiga ekki við um viðskipti með stofnfé, bann við að stofnfjáraðili geti eignast virkan eignarhlut og 5% þak á heildaratkvæðavægi.
- Óskýrt hlutverk varasjóðs sparisjóðanna, sem hefur verið helsti þrándur í götu á leið sparisjóðakerfisins til nútímavæðingar.
- Óheppileg aðferðafræði við hlutfjáræðingu, þar sem stjórn sjálfseignarstofnunar yrði að fullu skipuð opinberum aðilum sem ætti jafnvel bróðurpart hins hlutfjárædda sparisjóðs.

Í megindráttum var það álit ráðsins að fjöldi sparisjóða hefði fjarlægst upphaflegt fyrirkomulag með viðamikilli þátttöku á fjármálamörkuðum. Augljósir annmarkar voru á löggjöf þeirra í þessum tilvikum og taldi ráðið mikilvægt væri að tryggja snuðrulausa starfsemi þeirra, t.a.m. með skilvirkri og hagkvæmri hlutfjáræðingu, og samhliða tryggja vöxt sparisjóðakerfisins.

Vegna fyrrgreindra annmarka taldi ráðið afar brýnt að taka lagaumhverfi sparisjóðanna og fyrirkomulag kerfisins til endurskoðunar, til að tryggja vöxt og viðgang þess, styrkja byggðir sem sjóðirnir tilheyra og varðveita hagsmuni stofnfjáraðila. Af þessum sökum fagnar ráðið frumvarpi þessu og tekur undir meginatriði þess, þar bera hæst breytingar á meðferð og útgáfu stofnfjárhluta, skýrari félagaréttarleg staða sparisjóðanna, breytingar á ákvæðum um virka eignarhluti og atkvæðamagn. Eftir sem áður telur ráðið tilefni til nokkurra athugasemda.

## Hlutfjárvæðing

Í 10. gr. frumvarpsins eru felld brott ákvæði sem heimiluðu sparisjóðum að hlutfjárvæðast og það án teljandi rökstuðnings. Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir að sparisjóðum verði gert heimilt, skv. 12. gr., að sameinast öðrum fjármálafyrirtækjum og við það umbreytist sjóðurinn í hlutfélag. Að auki er endurgjald fyrir óráðstöfu eigin fé sjóðsins lagt inn í sérstaka sjálfseignarstofnun, sem hefur samfélagslegum skyldum að gegna.

Að mati ráðsins ættu núverandi sparisjóðir að hafa frjálsar hendur með það hvort þeir vilji hlutfjárvæðast eður ei. Hlutfélagiformið hentar mun betur þeim sjóðum sem ætla sér að veita viðskiptaböndum samkeppni á flestum sviðum fjármálaþjónustu. Leikreglur hlutfélagaförmisins eru þekktar og það þykir almennt betur til þess fallnar að gilda um fjármálaþjónustu en önnur, sem staðfest er í lögum um fjármálafyrirtæki en þar segir í 13. gr. að þau skuli starfa sem hlutfélög. Mörg af þeim vandamálum sem ráðið fjallaði um í skoðun sinni má jafnframt leysa með hlutfjárvæðingu.

Löggjafanum er í lófa lagt að vernda varasjóðinn við hlutfjárvæðingu með því að kveða á um að við hlutfjárvæðingu verði til sjálfseignarstofnun með samfélagslegt hlutverk, líkt og gert er í aðurnefndri 12. gr. frumvarpsins.

*Viðskiptaráð leggur til að fallið verði frá því að fella brott ákvæði um hlutfjárvæðingu sparisjóða.*

## Sérreglur um viðskipti með stofnfé

Í 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um að framsal og önnur ráðstöfun stofnfjárluta sé heimil án takmarkana. Hér er um verulega breytingu að ræða frá því sem var og ber að fagna henni. Þó skýtur skökku við að tækfærið sé ekki nýtt til fulls, en eins og segir í ákvæðinu þá eiga sparisjóðir að setja sér reglur um viðskipti með stofnfé sem samþykktar skulu af Fjármálaeftirlitinu.

Að mati ráðsins hefði legið beinast við að kveða svo á um að viðskipti með stofnfé fari eftir almennum verðbréfavíðskiptareglum og löggjöf þar að lútandi. Með því væri tryggt að innherjareglur ættu við um viðskipti með stofnfé og greitt væri fyrir að stofnfé yrði tekið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

*Viðskiptaráð leggur til að kveðið verði á um í frumvarpinu að um viðskipti með stofnfé fari samkvæmt almennum verðbréfavíðskiptareglum.*

## Arðgreiðslur háðar 5 ára hagnaðarrekkstri

Afar mikilvægt er fyrir sparisjóði, líkt og aðra, að geta laðað til sín nýrri fjárfestingu í því árferði sem nú er. Í 8. gr. frumvarpsins er vegið verulega að þessum möguleika en þar er kveðið á um að til grundvallar arðgreiðslu þurfi að liggja meðaltalshagnaður eftir skatta síðustu fimm reikningsára. Þessi ráðstöfun er ekki rökstudd í greinargerð frumvarpsins, sem er miður, en ljóst er að núverandi og nýir stofnfjáreigendur geta ekki átt von á fjárfesting þeirra beri að á næstu árum.

*Viðskiptaráð leggur til að 2. máls. 1. mgr. 8. gr. verði felld brott úr frumvarpinu.*

Að mati ráðsins er tækifærið nú til að stíga skrefið til fulls og falla frá þeim skammtíma sjónarmiðum sem hingað til hafa ráðið breytingum á löggjöf um sparisjóði. Það óljósa millibilsástand sem ríkt hefur undanfarin ár þjónar hvorki hagsmunum sparisjóðana né stofnfjáreigenda. Þeir sparisjóðir

sem hafa hug á að vaxa og útvíkka starfsemi sína, með háþörfun arðs að leiðarljósi, eiga með auðveldum hætti að geta farið í þau félagaforn sem henta slíkri starfsemi best. Að sama skapi þarf hlutverk og félagaforn sparisjóðanna, þeirra sem ætla að sinna hefðbundinni bankastarfsemi með samfélagsleg sjónarmið að leiðarljósi, að vera skýrt.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga, en hvetur til þess að tekið verði tillit til framangreindra athugasemda.**

Virðingarfyllt,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs